

## Fundargerð 292. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

**Verkefni: 292. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 7.apríl 2020 fjarfundur.**

### Efni fundar: Dagskrá:

1. Ársreikningur
2. Fjármál
3. Fundir á vegum faghópa
4. Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum - viðburður og samstarf
5. Samfélagsskýrslan 2020
6. NPS – þjónustumælingar
7. LinkedIn
8. Teams
9. Stefnumótun – staða
10. Stjórnarskiptarfundur á Skólabrú eftir aðalfund?
11. Aðalfundur

<b>Dags.fundar:</b> 7.apríl 2020	<b>Tími:</b> 11:45-13:00	<b>Nr. fundar:</b> 292
<b>Fundarboðari:</b> AÓG	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> Fjarfundur

**Viðstaddir:** Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Guðný Halla Hauksdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson, Jón Gunnar Borgþórsson, Berglind Björk Hreinsdóttir

### Fjarverandi:

### Gestir:

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

1. **Ársreikningur.** Ársreikningur félagsins hefur verið undirritaður rafrænt og er tilbúinn.
2. **Fjármál** – fjárhagsáætlun ásamt rauntölum er aðgengileg hverju sinni fyrir stjórn. Áætlun stenst og stefnt er að því að félagsgjöld verði öll innheimt fyrir aðalfund 6.maí nk.
3. **Fundir.** Fundir hafa haldið áfram og verið boðið upp á vel sóttu fjarfundi í hverri viku síðan samkomubann var sett á.
4. **Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum** – Samstarf verður með Viðskiptaráði Íslands og var sendur samstarfssamningur sem nú er í skoðun.
5. **Samfélagsskýrsla ársins** verður afhent í júní á Nauthól og er verkefnið samstarfsverkefni Stjórnvísí, Viðskiptaráðs og Festu. Búið er að auglýsa eftir tilnefningum og eru þær þegar farnar að berast. Frestur rennur út 25.maí nk. Hver

aðili fyrir sig tilnefni einn aðila í dómnefnd. Sá aðili sem Stjórnvísir tilnefndi þetta árið var Hulda Steingrímsdóttir starfsmaður Landspítala sem hefur gegnt forystu fyrir faghóp Stjórnvísir um samfélagsábyrgð svo árum skiptir.

6. **NPS** – Þjónustumælingar – Stefna er búin að útbúa NPS þjónustumælingu en mælingar hafa ekki farið út enn, málið er í skoðun með Stefnu.
7. **LinkedIn** – Stefnt er að því að Stjórnvísir fari á LinkedIn og verður fenginn ráðgjafi í verkefnið. Búið er að ræða við Ósk Heiðu sem hefur samþykkt að taka verkefnið að sér.
8. **Teams** – Aðalheiður og Gunnhildur eru búnar að stofna alla faghópa Stjórnvísir inn á Teams og setja inn formenn. Einnig verða settir inn allir í stjórnnum faghópa.
9. **Stefnumótun** – Aðalheiður fór yfir stöðuna á stefnumótun félagsins sem staðið hefur yfir í vetur með Fjólu Maríu Ágústsdóttur. Hennar starfi er lokið og búið að forgangsraða verkefnum. Næsta stjórn félagsins mun í framhaldi hrinda henni í framkvæmd.
10. **Stjórnarskiptarfundur** – búið var að bóka Skólalabru fyrir stjórnarskiptafund þann 6.mái nk. Tekin var ákvörðun um að fresta þeim fundi til haustsins.

#### 11. Aðalfundur

- Kosning stjórnar:
- Formaður félagsins **Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir**, Advania hefur tekið þá ákvörðun að bjóða sig fram aftur, allri stjórn til mikillar ánægju. Úr stjórn munu ganga; Berglind Björk Hreinsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson. Á síðasta aðalfundi voru kosin til 2ja ára:
  - **Jón Gunnar Borgþórsson**, Stjórnendaráðgjafi (2019-2021)
  - **Guðný Halla Hauksdóttir**, Orkuveita Reykjavíkur (2019-2021)
  - **Ingi Björn Sigurðsson** Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (2019-2021)
  - **Sigríður Harðardóttir**, Strætó (2019-2021)
  - **Ásdís Erla Jónsdóttir**, Háskólinn í Reykjavík (2019-2020) Ásdís býður sig fram til stjórnar (2020-2021)
  - **Steinunn Ketilsdóttir**, Intellecta býður sig fram til stjórnar (2020-2022)
  - **Ósk Heiða Sveinsdóttir**, Pósturinn, býður sig fram til stjórnar (2020-2022)
- Til aðalfundar hefur verið boðað með löglegum fyrirvara
- Lagabreyting var auglýst í fundarboðinu
- Fundarstjóri aðalfundar verður **Sigríður Harðardóttir**
- Ritari aðalfundar verður **Ásdís Erla Jónsdóttir**
- Fagráð – komin eru framboð í fagráð frá 5 aðilum
  - 1. Einar Snorri Einarsson framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Landsnets (2019-2021)
  - 2. Nótt Thorberg, forstöðumaður loyalty hjá Icelandair (2019-2021)
  - 3. Þórunn M. Óðinsdóttir, framkvæmdastjóri Intra ráðgjafar (2020-2022)
  - 4. Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís og stjórnarformaður Vottunar hf. (2020-2022)
  - 5. Sigurjón Andrússon, forstöðumaður markaðsmála og forvarna hjá Sjóvá (2020-2022)
- Skoðunarmenn – endurskoðendur frá KPMG taka að sér að vera skoðunarmenn næstu tvö árin.

- Oddný Assa Jóhannsdóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2020-2022)  
Guðný Helga Guðmundsdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs KPMG (2020-2022)
- Fundurinn verður að öllum líkindum fjarfundur. Sigríður, Ásdís, Gunnhildur og Aðalheiður munu funda í næstu viku til að undirbúa fundinn sem fjarfund. Mikilvægt er að þeir sem eru á fundinum geti greitt atkvæði (með/á móti) og veitt samþykki gagnvart skýrslum, reikningum félagsins, kosningu í stjórn, lagabreytingum o.fl.

## 12. Önnur mál

- Búið er að auglýsa eftir nýjum aðilum í stjórnir faghópa og eru viðbrögð mjög góð. Stjórnarskiptafundir faghópanna verða væntanlega flestir fjarfundir. Fyrir aðalfund Stjórnvísí þann 6.maí nk. eiga stjórnir faghópanna að vera tilbúnar fyrir næsta starfsár.
- Farið var yfir tilboð frá Maríu Ellingsen og Dale Carnegie varðandi námskeið fyrir stjórnir faghópa í haust. Niðurstaðan varð sú að taka boði Maríu Erlings um einn stóran fund og halda 1-2 námskeið til að byrja með og í framhaldi taka stöðuna.